

**Sp.**

## **77. Tillaga til þingsályktunar**

um endurgreiðslu á fé byggingarsjóðs verkamanna.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn að greiða nú þegar til byggingarsjóðs verkamanna þann hluta af ágóða af rekstri tóbakseinkasölu ríkisins, með vöxtum og vaxtavöxtum, sem samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931 átti að renna til byggingarsjóðs verkamanna, en ríkissjóður hefur fengið að láni.

### **Greinargerð.**

Samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um tóbakseinkasölu ríkisins, er ákveðið, að helmingur af tekjum tóbakseinkasölnunnar skuli renna til byggingarsjóðs verkamanna. Það var ein af aðalforsendum fyrir því að stofna til tóbakseinkasölnunnar, að helmingurinn af tekjum hennar átti að renna til byggingarsjóðs verkamanna og hinn helmingurinn til byggingar- og landnámssjóðs. En þrátt fyrir þetta hefur þessu ákvæði ekki verið framfylgt í mörg ár, en hagnaðurinn af tóbakseinkasölnunni verið tekinn í ríkissjóð. Lagafyrirmælin, sem sett hafa verið í því skyni að áskilja ríkissjóði þessar tekjur, hafa verið nefnd lög um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, og hafa slík lög verið samþykkt hvað eftir annað.

Þessi bráðabirgðaákvæði eru raunverulega ekki annað en það, að ríkissjóður fær þetta fé til afnota sem bráðabirgðarástöfun, þ. e. að láni, vegna þeirra fjárhagsörðugleika, sem ríkissjóður hefur verið í síðan árið 1932 fram að stríðinu. Nú eru hins vegar ástæður ríkissjóðs góðar, en hins vegar brýn nauðsyn fyrir því að byggja nýja verkamannabústaði víða á landinu. Það er því ekkert eðlilegra en að ríkissjóður greiði nú þetta fé aftur til byggingarsjóðs verkamanna.